



Mæðgurnar Margarethe og Britt-Marie með auglýsingabækling frá Ólympíuleikum fatlaðra.

Britt-Marie, tuttugu og eins árs gömul stúlka frá Angered, smábæ rétt utan við Gautaborg í Svíþjóð, var ein af 1300 keppendum á Ólympíuleikum fatlaðra, er háðir voru í Toronto í Kanada í Kanada í sumar. Þar keppti hún í fjórum greinum, 100 metra bringusundi, baksundi, skriðsundi og frjálsri aðferð.

Við, sem eigum að kallast heilbrigð, erum haldin þeirri firru, að íþróttir og fatlaðir fari engan veginn saman, og verðum ætíð hvumsa við, er það ber á góma. — En íþróttir eru fyrir alla, ekki bara ákveðinn hóp af fólki, — segir Britt-Marie. Það hefur hjálpað mér við að setta mig við

fötun mína. —

Það var í apríl 1967, stuttu áður en hún varð 12 ára, að ljós kom, að hún var haldin beinkrabba, — sams konar og Edward Kennedy yngri á við að stríða, — sem olli því að taka varð af henni hægri fótlegginn fyrir neðan mjöðm. Það má nærri geta hvíllt áfall það er að verða fyrir slíku, en Britt-Marie lét ekki bugast, heldur tókst að yfirvinna alla örðugleika með fádæma viljaþreki.

— Missið ekki kjarkinn, þótt útlitið sýnist svart, það er um að gera að berjast og byggja upp sjálfstraust, sem ekki brestur, er á móti blæs, — er ráð, sem hún

gefur þeim, sem orðið hafa fyrir því sama og hún, eða eiga það eftir.

Britt-Marie býr með móður sinni, Margarethe Samuelsson og yngri systur, en tveir eldri bræður hennar eru fluttir að heiman. Hún hefur að undanfögnu verið í starfsþjálfun sem aðstoðarmaður á rannsóknarstofu og lýkur henni í haust. Reyndar segir hún, að hún hefði fremur kosið að verða hjúkrunarkona, en af því gat ekki orðið, þar sem hún orkar ekki að lyfta sjúklingunum. — Það er svo erfitt, þegar engir vöðvar eru á hægri fæti til að spyrna á móti. —

Móðir hennar man það

# Íþróttir eru alla — ekki ákveðinn

eins og það hefði gerzt í gær, hvernig sjúkdómurinn byrjaði, og hún segir svo frá: — Það var í vetrarfriinu, að stelpa fór að kvarta yfir verk í hægri fæti. Verkurinn ágerðist og versnaði, svo að ég sagði henni að fara til skólalæknisins, þegar skólinn byrjaði aftur, sem hún gerði. Þetta er bara vaxtarverkur, maður vex svo hratt á þessum aldri, sagði læknirinn og skrifaði upp á b-vítamín fyrir hana. Vika leið án þess að nokkur breyting yrði nema til hins verra. Mér fannst þetta ekki geta verið eðlilegt, en í þann tíð vann ég á sjúkrahúsi, og sneri mér því sjálf til læknisins. Í það skiptið skrifaði hann upp á verkjatöflur. Það var auðvitað vita gagnslaust, svo ég hringdi aftur og kvað þetta ekki vera einleikið, það yrði að senda stelpuna í röntgenmyndatöku og það strax. Myndirnar voru teknar og þegar barnaeildin á Sahl-grenska sjúkrahúsinu bárust þær voru liðnar sex vikur frá því að Britt-Marie fór fyrst til læknisins út af verknum. Við fengum tilkynningu um, að hún yrði samtundis að leggjast á spítala og fara í uppskurð. Þetta var á

mánudegi og daginn eftir var Britt-Marie lögð inn.

Mér hafði verið sagt, að það ætti að skera mig upp, segir Britt, annað ekki. Síðdegis sama dag eftir að margt konar rannsóknir og prófanir höfðu farið fram, kom læknirinn inn og undir fjögur augu tjáði hann mér að það þyrfti að taka af henni hægri fótlegginn daginn eftir. — Ég hugsaði ekki svo mikið út í það þá, hvað það eiginlega þýddi. Verkurinn var svo hroðalegur, að ég átti mér ekki aðra ósk heitari en að hann hyrfi. — Aðgerðin heppnaðist vel og það fyrsta sem Britt-Marie fann er hún vaknaði upp af svæfingunni var, að verkurinn var horfinn. Hún lá aðeins einn dag í rúminu, en fór síðan á fætur. Þótt hún hefði fótavist, fékk hún ekki að fara heim strax, en hún var ekkert hnuggin yfir því, því að reynsla hennar af sjúkrahúsvistinni var góð, allir voru virgarnlegir og uppörvandi segir hún. Fjölskyldan fékk leiðbeiningar um hvernig hún skyldi haga sér gagnvart Britt, þegar hún kæmi heim, og var brýnt fyrir henni að láta hana ekki finna, að hún væri neitt frá-

## Yfirlitssýning Halldórs Péturssonar Kjarvalsstöðum

Dagana 16. til 26. september verður haldin á Kjarvalsstöðum sýning á myndlistarverkum eftir Halldór Pétursson, listmálara, en sá viðkunni teiknari og myndlistarmaður heldur ekki oft sýningar, mun seinast hafa sýnt fyrir heilum áratug ef átt er við einkasýningar. Samt þekkjum við myndir hans, þær ber fyrir augu í bókum, blöðum og á heimilum manna, en einkum er Halldór þó þekktur fyrir karikatúrmyndir sínar, er þykja oft frábærar. Þar í taldar myndir af óskyldum uppákomum eins og skákeinvígjum og óperum.

Sá sem þessar linur ritar átti þess því miður ekki kost að sjá sýningu Halldórs á Kjarvalsstöðum, vegna erinda úr bænum. Á hinn bóginn átti ég þess kost að sjá myndirnar, flestar að ég held, í vinnustofu listamannsins að Drápuhlíð 11, en þá voru þó nokkrar myndir ókómnar frá innrömmunarverkstæðinu.

**Byrjaði að teikna þriggja ára.**


Myndlist Halldórs Péturssonar má skipta í fjölmarga flokka,

ef það kynni að skipta máli. Elztu myndirnar gerði hann fyrir nær sex áratugum, þá aðeins 3 ára að aldri og þær eru ábyggilega ekki verstu myndirnar á sýningunni. Barnamyndir eru ávallt sér á parti, því að þá er að öllu jöfnu ekki búið að byrgja alla sýn með askloki þeirra er „vissu betur“ hvernig myndir eiga að vera.

Þar næst koma klippimyndir, gerðar í bernsku, en listamaðurinn klippti þær út með skærum. Þetta eru dýramyndir og mannamyndir og minna oft á fræg hellismálverk, frönsk, sem heillað hafa núlifandi kynslóðir meira en flest annað sem kemur í leitirnar úr forsögu mannsins.

Þá koma bókaskreytingar, oft snilldarlega unnar. Mér finnst myndir teiknaðar með pensli, oft með bleki eða vatnslit, bestar. Þá kemur urmull tússmynda, blýantsteikninga og vatnslitamynda og væri það að æra óstöðugan að telja allt þetta upp.

Að lokum koma svo málverk Halldórs Péturssonar. Mér hefur ekki til þessa þótt málverkið vera sterkasta hlið þessa myndlistarmanns, og veldur þar mestu, að tjáningarform, eða tjáningaraðferð listamannsins



Halldór Pétursson, listmálari

er í rauninni svo fáséð í olíumálverkum manna, sem vilja láta taka list sína alvarlega.

Þessu má lýsa á annan hátt. Mynd af hestum í regni er gott dæmi um vinnubrögð málans.

Holdvotir klárar hlma á bersvæði og biða uppstýttunnar. Halldór reynir að gera kjör hrossanna að myndefni, en leggur minni áherzlu á að hestarnir séu malerískir. Viðhorf dýravinarins, fremur en myndlistarmannsins.

Það sama er að sjá í fleiri myndum, þjófsagan, mannlífið og ef til vill það broslega vísar hinni myndlistarlegu alvöru á bug. Þetta er sumum myndunum greinilega til tjóns, en fer þó snilldarlega saman í sumum. T.d. í „Hestar um vetur“, sem er malerísk mynd, þrátt fyrir að hún lýsi báðum kjörum úti-gangshrossa.

Þá eru þarna mjög sterkar, vel byggðar landslagsmyndir, t.d. frá Skarðsheiði, úr Hnífsdal og ein blá mynd, sem ég man ekki lengur hvað heitir, er líklega úr Grundarfirði.

Ef við skoðum önnur myndlistaverk Halldórs Péturssonar frá þessu ljósi, þá greinum við ávallt blíðan, samúðarfullan

undirtón, þrátt fyrir spaug hans og önnur ærsl. Við þekkjum hliðstæður þessa myndlistamanns úr stéttum skálda, leikara (gamanleikara) og jafnvel tónlistarmanna. Kimnisagnahöfundurinn vill semja alvarlegra verk, en losnar ekki úr viðjum hláturfefna, gamanleikarinn, vill leika dramatísk og alvarleg hlutverk, en allir skella upp úr þegar hann birtist og svo haldið sé áfram, hver kannast ekki við danska pianóleikarann og háðfluglign Victor Borge, sem aldrei kemst eina laglinu til enda án þess að upp úr sjóði á áheyrendabekknunum.

Það, sem okkur kemur því mest á óvart á sýningu Halldórs Péturssonar, er hvað þjóðin hefur í raun og veru fengið ranga mynd af listhæfileikum hans. Auðvitað þekkjum við öll kátinumyndir hans, en hin alvarlegri verk sjást næstum því aldrei. Því er nú sérstakt tækifæri til, þess að kynna nýrri hlið á þessum ágæta listamanni.

**Barnabókin fræga.**

Meðal verka á sýningu Halldórs Péturssonar að Kjarvalsstöðum mun verða ný verk úr barnabók, sem Halldór hefur